



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016 MIÐVIKUDAGINN 7. SEPTEMBER KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

**Mat á íþróttum:** 16 nemendur sækja um mat á íþróttum. Umsóknumv vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu.

Nemandi óskar eftir að taka tvo áfanga samhlíða í LIST2na05 / MÓDE2te05 -Samþykkt  
Nemandi óskar eftir að taka tvö áfanga samhlíða í ENSK1le05 / FEMY3TV03- Samþykkt  
Nemandi óskar eftir að taka tvö áfanga samhlíða í ENSK3fe05 / FJÁR2fl05- Samþykkt  
Nemandi óskar eftir að taka tvö áfanga samhlíða í LÍFF2le05 / ÍPRG2út04- Samþykkt

#### C. Önnur bréf

Nemandi sækir um undanþágu frá íþróttum til stúdentsprófs - Vísað til kennslustjóra í íþróttum til umsagnar.

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs- Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Tveir nemendur senda inn bréf vegna Dublinferðar - erindinu hafnað.

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fjármálastjóri NFFG lagði fram kostnaðaráætlun vegna nýnemaballsins og hún lítur vel út og það er góð aðsókn að ballinu. Næsta vika verður íþrótt- og heilsueflandi vika í skólanum. Þá verða ýmsir hádegisviðburðir og svo fótboltamót og litaboltamót eftir skólatíma. Boðið verður upp á heilsuafgraut, hugsanlega skyr og hleðslu frá MS og svo verður frítt í líkamsræktarstöð fyrir nemendur þessa viku. Stefnt er á tónleikahald í skólanum 22.sept. hjá hljómsveit skipaðri nemendum skólans, samvinnuverkefni hennar og NFFG. Nýnemaferðin gekk vel og voru nýnemar ánægðir með framkvæmdina. Gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd ratleiks.

### 3. Önnur mál

Skólameistari lagði fram tillögu að breytingu á reglum varðandi fíkniefni þar sem kemur fram að rafrettur teljast með sem tóbaksnotkun sem er óheimil í skólanum og á lóð hans. Tillagan var samþykkt samhljóða og mun nýja útgáfan verða birt á heimasíðu skólans.

Fulltrúi kennara kom með ábendingu um sérreglur hjá MH þar sem deildir hafa heimild til að setja sérstök ákvæði í kennsluáætlun um mætingu og aðra ástundun. Ákveðið að skoða þetta nánar.



**Fundinn sátu:**

Alexandra Kristín Johnsdóttir í stjórn NFFG  
Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi  
Anna Jeeves fulltrúi kennara  
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen skólameistari  
Freyrmar Örn Ómarsson fjármálastjóri NFFG  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi